

Um minkaveiðar.

Hugleiðing um 20 gr. í frumvarpi um velferð dýra.

Undanfarin 7 ár hef ég stundað minkaveiðar í gildrum á Barðaströnd og Rauðasandi og veitt nærri 200 dýr.

Mér finnst mikilvægt að dýr séu aflífuð á mannúðlegan hátt og því nota ég orðið eingöngu svokallaðar miðnkasíur, sem eru á kafi í vatni og drekkja minknum undantekningalaust. Nú liggur í loftinu að þessar veiðar mínar verði ólöglegar.

Áður notaði ég einnig svokallaðar glefsur. Það stendur ekki til að banna þær. Samt mun ég ekki nota þær framur nema standandi yfir þeim með haglabyssu. Mig langar að segja söguna af hvernig sú ákvörðun varð til:

Fyrstu gildrurnar mínar voru lagðar 2005, tíu minkasíur og ein glefsa.

Fyrstu 4 minkarnir í glefsuna virtust hafa dáðið fljótt og vel, en svo gerðist eftirfarandi: Haustið 2008 er ég, sem oftast, í leiðangri að vitja í gildrum mínar og þegar ég nálgast glefsuna heyrði hringla í keðjunni sem festi hana. Það var merki um að þar væri lifandi minkur. Yfir glefsuna var hlaðinn gangur úr grjóti og til að komast að henni þurfti að taka nokkra steina úr þakinu.

Ég ákvað að vera ekki að auka á skelfingu dýrsins með því að gera vart við mig, enda var talið að glefsur dræpu dýrin fljótt og þjáningalítið.

Því fór ég og vitjaði í aðrar gildrur í grenndinni og kom aftur að glefsunni eftir 2 klst.

Enn hringlaði í keðjunni og nú voru góð ráð dýr, engin byssa meðferðis, enda aðstaðan þannig að haglabyssunni minni hefði ekki verið hægt að koma við nema stofna sjálfum mér í hættu vegna endurkasts.

Það varð að ráði að opna þakið, rota minkinn með hamri og leggja hann í vatn þar til öruggt var að ekki væri um tímabundið meðvitundarleysi að ræða.

Þegar ég svo fer að ná honum úr glefsunni kemur í ljós að kjaftarnir höfðu tekið utanum hálsinn og aðeins var um 2 sm. bil milli þeirra. Samt hafði minkurinn lifað í a.m.k. 2 klst.

Ég var að vona að þetta væri undantekningartilfelli, en stuttu síðar kom í glefsuna minkur sem náði að gera umhverfi sitt löðrandi í hárum og blóði áður en hann dó.

2 af 6 minkum veiddum í glefsuna háðu því greinilega erfitt dauðastríð og hún var þar með tekin úr umferð.

Drukkuðu dýrin virðast hinsvegar nær undantekningalaust fá friðsælan dauðdaga. Ég hef aldrei séð rispu á skinni eða brotnar klær og tennur.

Reynir Bergsveinsson segist hinsvegar muna eftir tveimur þannig tilfellum og ekki útiloka að þau séu eitthvað fleiri.

Þess ber að gæta að hann hefur tekið mörg þúsund minka úr minkasíunum sínum.

Ég veit að hann er maður mjög athugull á þessu sviði. Hann ber mikla virðingu fyrir veiðidýrunum sínum og vill ekki valda þeim óþarfa þjáningum.

Ólíklegt að mörg einkenni um þjáningar dýra hafi horfið honum úr minni.

Ég veit að þetta eru ljótar sögur, en við sem höfum í yfir hálföld lifað sem hluti af íslenskri náttúru vitum að náttúran er grimm.

Dýrin til dæmis hugsa ekkert um þjáningar þegar þau aflifa hvert annað.

Við megum ekki gleyma því að dauðinn er eðlilegur endir lífsins. Líka hjá minknum.

Hvernig er eðlilegt að minkur endi líf sitt?

Leggst hann inn á sjúkrahús og fær lyf sem lina þjáningar hans?

Verður hann gamall, hrumur og tannlaus og veslast upp úr hungri?

Kemur tófan og étur hann?

Syndir hann kannski of langt til hafs eða undir ísinn og kemst ekki til baka?

Var skotið á hann af ónákvæmni og fáein högl valda honum örkumlum og dauða?

Það hlýtur alltaf að vera álitamál hvort og hvernig eigi að leyfa dráp á lifandi verum.

Hvar á að draga mörkin? Hvalir? Fiskar? Flugur? Sýklar?

Er raunhæft að banna eitthvað nema tryggt sé að betri kostir taki við?

Okkur veiðimönnum ber að nota sem bestar aðferðir, en Alþingi þarf að setja rammann af þekkingu og ekki láta dagnaðinn bera skynsemina ofurliði í þessum efnum.

Þökk fyrir lesturinn.

Þröstur Reynisson

180857-7969

Aðalstræti 114

450 Patreksfirði